

Til allra sveitarstjórna

Reykjavík 10. febrúar 2017

1503002LA ÓG
Málalykill:711

Efni: Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga hefur skipað kjörnefnd til undirbúnings kjörs stjórnar og varastjórnar á aðalfundi sjóðsins. Kjörnefnd skipa Erling Ásgeirsson, formaður, Heiða Björg Hilmisdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason. Áformað er að halda aðalfund félagsins þann 24. mars næstkomandi á Grand Hótel. Kjörnefnd mun taka við og fara yfir framboð til stjórnar og varastjórnar og gera tillögu til aðalfundar.

Um framboð og kjör til stjórnar gilda hlutafélagalög nr. 2/1995, og lög um fjármálafyrirtæki 161/2002. Jafnframt er farið að Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja (www.leidbeiningar.is) að eins miklu leyti og unnt er.

Kjörnefnd óskar eftir að tilnefningar og/eða framboð sé send í síðasta lagi á hádegi 12:00 mánudaginn 27. febrúar nk. til Erlings Ásgeirssonar formanns nefndarinnar, erling.asgeirsson@simnet.is. Framboðum þurfa að fylgja upplýsingar svo kjörnefnd geti tekið afstöðu til þekkingar, reynslu og almenns hæfis frambjóðenda.

Upplýsingar um tillögur kjörnefndar verða birtar á heimasíðu Lánasjóðsins um leið og unnt er, í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund á slóðinni www.lanasjodur.is/kjornefnd-2017.

Kjörnefnd óskar eftir að sveitarstjórnarmönnum sé kynnt innihald bréfs þessa eins fljótt og unnt er til að áhugasömum gefist tími til að skila inn tilnefningum og/eða framboðum.

Virðingarfyllst fh. kjörnefndar
LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA



Óttar Guðjónsson